



Reglur um sveigjanlegan vinnutíma

1.gr.

Reglur skýra hvernig sveitarfélagið kemur til móts við starfsmenn sína með að bjóða þeim upp á möguleika á sveigjanlegum vinnutíma til að mæta þörfum um sambættingu vinnu og einkalífs sem hæfileg er.

2.gr.

Stofnanir Fjarðabyggðar skulu koma til móts við þarfir starfsmanna eftir fremsta megni, enda bitni slíkt ekki á rekstri og þjónustu stofnunar við almenning. Starfsmönnum sé þannig gert kleift að samræma einkalíf og þáttöku í atvinnulífi, enda ber stofnun að gera starfsmönnum kleift að rækja fjölskylduábyrgð sína eins og kostur er.

3.gr.

Sveigjanlegur vinnutími er aðeins að ósk starfsmanns og ekki sjálfgefið að hægt sé að verða við beiðni þar um.

4.gr.

Sveigjanlegur vinnutími felst m.a. í því að starfsmaðurinn getur hliðrað til vinnu sinni og skilað henni utan umsamins vinnuramma þannig að vinnuskylda sé uppfyllt. Séu störf þess eðlis að hægt sé að skila þeim utan vinnustaðar ber að meta óskir þar um. Óskir um sveigjanleika skal meta með hliðsjón af starfsemi stofnunar og þarfa starfsmanns.

5.gr.

Rétturinn til sveigjanlegs vinnutíma er bundinn einstaklingi en ekki hóp. Gera verður samkomulag við þá einstaklinga sem óska sveigjanleika frá umsöndum vinnutímaramma. Í slíku samkomulagi felst hvernig dagvinnuskyldu er fullnægt.

6.gr.

Sveigjanlegan vinnutími má jafna innan dags eða fasts umsamins tímabils að ósk starfsmanns.

7.gr.

Sveitarfélagið getur ekki áskilið starfsmanni sveiganlegan vinnutíma.

8.gr.

Sveigjanlegur vinnutími þarf að vera skilgreindur og um hann haldið í viðverukerfi. Reynist óreiða á skráningu, áætlun um vinnuskil haldi ekki eða árangur starfsmanns er ófullnægjandi er hægt að afturkalla fyrirvaralaust heimild til sveigjanleika.



9.gr.

Yfirmaður fylgist með því að starfsmenn uppfylli skilyrði sveigjanlegs vinnutíma.

10.gr.

Sveigjanlegur vinnutími er teygjutímaplan sem gerir starfsmönnum kleift að velja innan skilgreindra marka hvenær þeir byrja og ljúka vinnu. Þeir geta unnið skemur eða lengur og teygt tímainneign eða skuld til innan uppgjörstímabils um leið og þeir hafa tækifæri til að taka yfirvinnu út í fríi. Sveigjanlegur vinnutími er ekki hugsaður sem yfirdráttarrekningur fyrir vinnuframlag,

11.gr.

Sveigjanlegur vinnutími stuðlar að því að draga að og halda starfsfólki og getur dregið úr yfirvinnu. Hann getur líka dregið úr eða eytt vandamálum tengdum óstundvísí. Í samkomulagi felst aukin ábyrgð á tímastjórnun og skilvirkni. Þetta er möguleiki sem flestir starfsmenn meta mikils, sérstaklega þeir sem bera ábyrgð á umönnun ungra barna, sjúklinga eða aldraðra fjölskyldumeðlima.

12.gr.

Fjölskylduábyrgð starfsmanna er skylda starfsmanns gagnvart börnum, maka eða nánum skyldmennum sem búa á heimili hans og greinilega þarfnast umönnunar hans eða forsjár, svo sem vegna veikinda eða fötlunar sbr. lög nr. 27/2007.


13.gr.

Óheimilt er að segja manni upp störfum eingöngu vegna fjölskylduábyrgðar sem hann ber.

14.gr.

Heimildir samkvæmt reglum þessum skulu ávallt vera tímabundnar og endurskoðaðar reglulega.

Fjarðabyggð 19. júlí 2018



Samþykkt í bæjarráði 12. september 2016

Samþykkt í bæjarstjórn 15. september 2016.

Samþykkt í bæjarráði í umboði bæjarstjórnar 16. júlí 2018, í kjölfar sameiningar Breiðdalshrepps og Fjarðabyggðar.